

Siglingastofnun Íslands
Sigurður Sigurðarson
Vesturvör 2
200 Kópavogur

2003030060
6400; 9310

Reykjavík, 28. apríl 2003
/--

Efni: Sjóvarnir sunnan Dalvíkurhafnar, Dalvíkurbyggð. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 18. mars 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð sjóvarna sunnan hafnarinnar á Dalvík samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Dalvíkurbyggðar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Dalvíkurbyggð með bréfi dags. 22. apríl 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 8. apríl 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 31. mars 2003.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðir séu 3 áfangar við gerð sjóvarna sunnan Dalvíkurhafnar á árunum 2003-2006 á alls um 450 m löngum kafla. Áætlaðar séu framkvæmdir á um 150 m löngum kafla á árinu 2003 og verði efnisþörf alls um 1000 m³. Fyrirhuguð efnisþörf við sjóvörn á um 300 m kafla í seinni áföngum sé áætluð um 3.000 m³. Fram kemur að fyrirhugað sé að taka efni úr námu á Árskógssandi sem hafi verið notuð undanfarin ár vegna hafnargerðar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Dalvíkurbyggðar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fornleifavernd ríkisins bendir á að vegna fyrri framkvæmda séu allar minjar um mannvirki frá fyrri tíð horfnar og að ekki sé þörf á mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugaðar sjóvarnir séu ofan fjöru sem þegar

hafi verið raskað og ekki líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð sjóvarna á um 450 m löngum kafla sunnan hafnarinnar á Dalvík. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir munu taka til afmarkaðs svæðis, efnisþörf er lítil og fyrir liggur að framkvæmdasvæði hefur verið raskað.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð sjóvarna sunnan hafnarinnar á Dalvík, Dalvíkurbyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdir á hafnarsvæðinu séu í samræmi við gildandi aðalskipulag Dalvíkur 1992-2012 og að fyrirhugaðar framkvæmdir á óbyggðu útivistarsvæði og iðnaðarsvæði kalli ekki á breytingu á því. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Dalvíkurbyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. maí 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Dalvíkurbyggð, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun